

10. gr.

Árlega skal húsnefnd athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Auk þess sé þess gætt að sem flestar skemmdir á húsi og munum séu lagfærðar jafnóðum, svo að þar sé jafnan ríkjandi snyrtimennska.

11. gr.

Húsnefnd skal sjá um að skemmdir á húseign, áhöldum og búnaði umfram eðlilegt slit sé bætt af þeim er spjöllum valda.

12. gr.

Í félagsheimilinu ber að hlíta ákvæðum gildandi áfengisлага og lögreglusamþykktar umdæmisins um neyslu áfengis. Heimilt er húsnefnd að banna aðgang þeim, sem þessi ákvæði brjóta að hennar mati.

13. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 5. greinar laga um félagsheimili, nr. 107/1970, með síðari breytingum, eru hér með staðfestar og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 24. janúar 1997.

F. h. r.

Guðríður Sigurðardóttir.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 439, 2. ágúst 1996, um greiðslu gjalds skv. 6. gr. laga nr. 92/1994, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Útgerðir íslenskra fiskiskipa sem fá úthlutað aflamarki skv. lögum um stjórn fiskveiða eða lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 22. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.